

Kennsluáætlun 2025-2026

5. - 7. bekkur

Námsgrein: Þýska

Kennari: Cornelia Spandau

Tímafjöldi á viku: 2 klst.

Markmið

Að nemandi:

- geti skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu.
- geti hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu.
- geti fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- geti lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og unnið með efni þeirra.
- geti lesið og skilið auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
- geti lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.
- geti bjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteisis- og samskiptavenjur.
- geti notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.
- geti tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum.
- geti undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum.
- geti beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta.
- geti skrifað einfalda texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.
- geti lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með.
- geti sýnt að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.
- geti sett sér nokkuð raunhæf markmið, gert sér nokkra grein fyrir hvar hann stendur í náminu og beitt aðferðum til að skipuleggja sig og bæta þar sem þess gerist þörf.
- geti beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- geti nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarforrit.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Innlögn/ bein kennsla
- Regluleg upprifjun atriða sem hafa verið kennd áður
- Einstaklings-, para- og hópavinna með skapandi viðfangsefni (stigbreyttar kröfur í samvinnuverkefnum þar sem 5.-10. bekkur er kennt saman)
- Umræður og spurningar
- Leiðsagnarnám og lausnaleitarnám
- Spil og leikir tengt námsefninu

Námsmat:

- Leiðsagnarmat
- Könnun mánaðarlega (um orðaforða og/eða málfræði)
- Virkni/ vinnubrögð/ áhugi og hegðun í tímum
- Símat
- Jafningjamat

Námsgögn:

- Efni frá kennara og ýmsum vefsíðum
- Munnlega og skriflegar æfingar
- Vinnubók: Das Übungsheft Lesen
- Bækur, sögur, textar á þýsku (t.d. "Rory Shy", "Carags Verwandlung")
- Námsþpil